Evrópufrímerki 6. apríl nk.

Frímerki

Jón Aðalsteinn Jónsson

Næstu frímerki Póst- og símamálastofnunarinnar koma út næstkomandi mánudag, 6. apríl. Verða það tvö frímerki í hinum árlega flokki Evrópufrímerkja svonefndra CEPT-landa. En að auki koma þessi merki út í smáörk, þar sem fram kemur nokkru meira af því landabréfi, sem sést á sjálfum merkjunum.

Hið sameiginlega myndefni Evrópumerkjanna að þessu sinni er helgað því, að seint á þessu ári eru 500 ár liðin síðan Kólumbus og menn hans stigu fæti sínum á vesturheimska jörð. Sjálfsagt var, að íslenzka póststjórnin notaði þetta tækifæri til þess að minna umheiminn á, að það var íslenzkur maður, Leifur Eiríksson hinn heppni, sem steig reyndar á land í Vesturheimi tæpum fimm hundruð árum fyrr. Þetta er gert á þann skemmtilega hátt að láta annað frímerkið sýna víkingaskip á siglingu um Norður-Atlantshaf og stefna á Vínland. Hitt frímerkið sýnir svo skip Kólumbusar sigla þöndum seglum í átt að Karíbahafi. Þá notfærir færeyska póststjórnin sér þetta sama myndefni á frímerki sín, enda þótt ekki verði beint séð, hver tengsl frænda vorra í Færeyjum voru við Leif heppna. En hvað um það, Það er einungis ágætt, að þeir komi hér til liðs við okkur, því að allir vita, hversu duglegir Norðmenn eru í því að eigna sér Leif heppna.

Í tilkynningu póststjórnarinnar er greint allrækilega frá þessum tveimur sæförum. Kólumbus var ítalskur að uppruna, en fluttist til Portúgals. Hugur hans stóð til landkönnunar. Studdi Spánarkonungur hann til ferðar í vesturveg til þess að finna sjóleiðina til Indlands. Heimildir segja, að Kólubus hafi komið til Íslands 15 árum áður en hann sté á land í Vesturheimi. Ítalska póststjórnin gaf út 1990 smáörk, þar sem siglingar Kólumbusar um N-Atlantshaf og viðkoma hans á Íslandi eru markaðar. Þá eru og uppi sagnir um, að hann hafi haft hér vetursetu á stað, þar sem sjá mátti í góðu skyggni fjallstinda á Grænlandi. E.t.v. hefur hann þá heyrt einhverjar sögur um fund Grænlands og Vínlands, enda lifðu þá eins og alltaf sagnir um þessa landafundi meðal Íslendinga. Landafundir Kólumbusar mörkuðu þáttaskil í mannkynssögunni og skópu nýja heimsmynd, enda þótt hann fyndi ekki Indland. Er því ekki nema eðlilegt, að Evrópumerkin séu helguð þessum merka atburði.

Um Vínlandsferðirnar eru svo alllangur kafli í tilkynningunni. Segir þar fyrst frá landnámi föður Leifs, Eiríks rauða og stofnun blómlegs ríkis syðst á vesturströnd Grænlands. Er sú saga rakin í stuttu máli eftir Eiríks sögu rauða og Grænlendinga sögu allt frá upphafi og þar til hún rofnaði í upphafi 14. aldar.

Þröstur Magnússon hefur hannað þessi frímerki og smáörkina, og það eitt táknar góð og skemmtileg vinnubrögð. Er vonandi, að íslenzka póststjórnin kunni að meta og notfæra sér kunnáttu þessa listamanns um mörg ókomin ár. Ég segi vonandi, því að mér hefur nú í seinni tíð fundizt hún hafa sniðgengið hann um of. Ég hygg, að margir séu mér samdóma um það. Merkin eru offset-prentuð í Hollandi hjá Joh. Enschéde en Zonen, en sú prentsmiðja hefur oft prentað mörg og falleg frímerki



fyrir okkur. Ég held, að hér ætti ísl. póststjórnin einnig að halla sér oftar að en hún gerir.

Verðgildi þessara frímerkja er 55 krónur, og eru 50 frímerki í örk, en aftur tvö í smáörkinni. Það er vel til fundið hjá póststjórninni að velja þetta verðgildi, því að það hentar einmitt undir almennt bréf til Vesturheims. Þannig minna þau Vesturheimsbúa alveg sérstaklega á Leif heppna og fund Vínlands. Er því vonandi, að ekki þurfi að breyta þessu burðargjaldi í náinni framtíð, svo að tilgangi með útgáfu þeirra verði sem bezt náð. Þeir, sem senda almenn bréf til Ameríku, ættu þess vegna einkum að nota sem oftast á póst sinn.það frímerkið, sem sýnir siglingu Leifs heppna og félaga hans á leið til N-Ameríku.

FRÍMEX 92

Á þessu ári eru 35 ár, síðan Félag frímerkjasafnara var stofnað hér í Reykjavík. Síðan hefur það starfað með miklum blóma og er langstærstu samtök safnara hérlendis. Stjórn FF ákvað á liðnu hausti að minnast þessa afmælis með frímerkjasýningu. Verður hún haldin í húsakynnum Alþýðusambands Íslands að Grensásvegi 26a dagana 24.—26. þ.m. Þetta verður svonefnd landssýning og undir vernd Landssambands íslenzkra. frímerkjasafnara. Formaður sýningarnefndar er Rúnar Þór Stefánsson, en aðrir í nefndinni eru Guðni F. Gunnarsson og Þorvaldur Jóhannesson. Vel mun hafa gengið að afla sýningarefnis, en það kemur frá innlendum söfnurum og eins frá öðrum Norðurlöndum. Um 160 rammar verða þarna og er um helmingurinn unglingasöfn frá öllum Norðurlöndunum og að auki tvö söfn frá Eistlandi. Tíu íslenzkir unglingar eiga þarna margvíslegt efni í 30 römmum.

Nokkrir þekktir íslenzkir safnarar eiga þarna margs konar efni, þótt það verði ekki rakið nánar hér. Ég vil einungis minnast á það, að á FRÍMEX982 verður í fyrsta skipti sýnt nær einstætt safn af fyrstu útgáfum íslenzkra frímerkja og flest þeirra á bréfum. Á ég von á, að margur muni hafa gaman af að skoða þetta safn. Tekið skal fram, að aðgangseyrir er enginn að FRÍMEX 92.

Svo sem venja er, verður pósthús á sýningarstað og notaður sérstimpill. Sú er von sýningarnefndar, að sem flestir sjái ástæðu til að sækja þessa sýningu heim og kynna sér það efni, sem þar má skoða.

Meðan FRÍMEX 92 stendur verður landsþing LÍF haldið í húsakynnum Landssambandsins í Síðumúla 17. og í boði Félags frímerkjasafnara.

Frímerkjauppboð

Þau skemmtilegu tíðindi gerast í sambandi við FRÍMEX 92, að sérstakt frímerkjauppboð verður haldið í sal LÍF í Síðumúla 17. Slík uppboð hafi því miður legið niðri hérlendis um mörg ár. Uppboðið verður haldið sunnudaginn 26. apríl og hefst kl. 14. Þar verða 295 númer og efnið af margvíslegum toga. Langmest er það íslenzkt, en einnig nokkuð frá öðrum Norðurlöndum, og örfá númer frá Grænlandi og Dönsku Vestur-Indíum. Efnið verður til sýnis uppboðsdaginn í Síðumúla 17 milli kl. 12 og 14. Annars er skrá yfir efnið í nýútkomnu hefti af Grúskinu, en það fá allir þeir, sem eru í samtökum innan LÍF. Vafalaust geta svo aðrir áhugamenn fengið keypt eintak í frímerkjaverzlunum borgarinnar eða hjá LÍF í Síðumúla. Skrifleg boð má senda og merkja þau: LÍF-Uppboð, Pósthólf 8753, 128 Reykjavík. Er skilafrestur þeirra til 21. apríl.

Í tilhugalífinu

Kvikmyndir

Arnaldur Indriðason

Frankie og Johnny. Sýnd í Háskólabíói. Leikstjóri: Garry Marshall. Handrit: Terence McNally. Kvikmyndataka: Dante Spinotti. Aðalhlutverk: Al Pacino, Michelle Pfeiffer, Hector Elizondo, Kate Nelligan og Nathan Lane.

Stórkostleg stúlka eftir Garry Marshall náði ógnarvinsældum á sykurhúðuðu nútíma Öskubuskuævintýri um mellu sem fann Paradís hjá milljónamæringi. Það var vond mynd því hún snerist mikið til um lágkúrulega ást á skrumi. Í Frankie og Johnny segir Marshall aftur ástarsögu en hefur fótfestu á jörðinni í þetta skiptið, hallærislega prinsessuævintýrið um tískubúðarápið hefur vikið fyrir raunsæislegri stíl, hér er saga um almúgafólk. Kom því ekki á óvart að myndin kolféll í Bandaríkjunum.

Hollywood hefur löngum átt í erfiðleikum með að lýsa lífi hins óbreytta verkamanns (nýleg dæmi: Stanley og Íris, Stella) en Marshall tekst það ágætlega með brakandi ekta umhverfi og persónum á almúgans veitingastað í New York. Reyndar er fullmikil tilfinningasemi yfir einstaka samskiptum, sérstaklega er lengi dvalið við það þegar öldruð gengilbeina á staðnum mætir örlögum sínum, en það er allt hluti af hugþekkri lýsingu á því litla samfélagi á veitingastaðnum sem myndin snýst öðrum þræði um.

Eina rétta lífið í þessari mynd er sambúð í einhverju formi. Við fáum að sjá það á nágrönnum Michelle Pfeiffer, sem leikur aðra gengilbeinuna á veitingastaðnum, við fáum að sjá það á kæru heimilislífi veitingahússeigandans, við fáum að sjá það alstaðar í samskiptum fólks. Við fáum líka að sjá inn í framtíð Pfeiffer, ef hún ætlar að halda áfram að pipra, í einmanalegum dauðdaga samstarfskonunnar og í gamalli piparmey sem vinnur á staðnum og verður að teljast skrýtin.

Þau einu sem brjóta upp sambúðardrauminn eru Al Pacino og Pfeiffer. Hún er staðráðin að lifa einlífi, hefur áður brennt sig á hjónabandi. Hann hefur setið í fangelsi og misst tengslin við sína fjölskyldu þegar hann fær vinnu sem kokkur á veitingastaðnum. Þau eiga sameiginlega einmanalega og slæma fortíð og tækifærið til að byrja upp á nýtt en það gengur ekki andskotalaust að ná saman. Öll myndin snýst um baráttu Pacinos við þverhausinn Pfeiffer og hvernig hann fær hana smám saman til að brjótast úr sjálfskapaðri einangrun.

Þau fara ágætlega með hlutverkin sín, Pacino og Pfeiffer. Hann er kíminn og skemmtilega hungraður og



Ástin unnin; Pacino og Pfeiffer í Frankie og Johnny.

þrjóskur, enda gagntekinn af ást, á meðan hún neytir allra bragða til að losna við hann, síst tilbúin að leyfa honum að troða sér inn í líf sitt. Efnasambandið á milli þeirra er gott. Marshall fer um ástarsöguna mjúkum höndum og fær það besta úr leikurunum sínum; sérstaklega er gaman að bresku leikkonunni Kate Nelligan með þykkan Brooklynhreim. Þótt hér sé ekki meiri skáldskapur á ferðinni en í venjulegri sjónvarpsmynd kemst myndin ansi langt á sjarmanum.

Hvinnskan og herra Johnson

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

Bíóborgin:
***Herra Johnson - „Mister Johnson"* Leikstjóri Bruce Beresford. Handrit Beresford, byggt á skáldsögu Joyce Cary. Tónlist George Delerue. Aðalleikendur Pierce Brosnan, Edward Woodward, Maynard Eziashi, Beatie Edney. Bandaríkin 1991.**

Sögusviðið er nýlenda Breta í Vestur- Afríku á þriðja áratugnum, nánar til tekið afskekkt héraðsmiðstöð þar sem Brosnan er fulltrúi heimsveldisins. Honum til fulltingis er eini, menntaði heimamaðurinn, herra Johnson (Eziashi). Hann reynir að semja sig að háttum herraþjóðarinnar og er veikari fyrir kostum þess en gerist og gengur. Dáir völd, skartklæði og peninga og verða þeir honum að falli. Því Johnson er þjóféttur, en þar fyrir utan hugmyndaríkur og útsjónarsamur og hefði spjarað sig vel ef litarhátturinn hefði verið ljósari. En þess í stað er hann sífellt að reka sig á múr kynþáttabilsins og hvinnskan verður honum fjötur um fót þrátt fyrir að landsstjórinn og þorpskaupmaðurinn (Woodward) beri til hans hlýhug.

Draumórafullir Afríkubúar voru tímaskekkja á öndverðri öldinni, hafa reyndar verið það til skamms tíma og gæðablóðið Johnson fær að finna fyrir því. Þó hann vilji öllum gott gera passar hann ekki inní umhverfið þrátt fyrir sína ensku skó og hálstau. Hinsvegar er hann hinn þægilegasti blóraböggull og þegar honum hefur nánast verið úthýst af samfélaginu er stolt hans svo sært að hann grípur til örþrifaráða. Eziashi leikur þessa sérstæðu persónu af innsæi og tilþrifum og Brosnan og Woodward eru báðir traustir sem útverðir hagsmuna Breta þarna í órafjarlægð frá siðmenningunni sem þó skal ráða. Beresford er manna lagnastur við að gera lágstemmdar myndir og *Herra Johnson* er á köflum bæði áleitin og átakanleg. Tónlist Delerue skapar rétta tóninn, umhverfið, fólkið og venjur þess framandi og gefa trúverðuga sýn af sögusviðinu en það er einsog vanti meira kjöt á beinin. Og persónurnar eru, þrátt fyrir allt heldur grunnar, ekki síst titilpersónan. Þær hafði Beresford til staðar ásamt matarmeiri söguþræði í sínum bestu myndum, *Ekið með Daisy, Breaker Morant* og *Tender Mercies*.

Þrennir tónleikar í Kópavogi

Tónlistarskóli Kópavogs heldur þrenna vortónleika í byrjun apríl: Laugardaginn 4. apríl kl. 11.00, mánudaginn 6. apríl kl. 20.30 og miðvikudaginn 8. apríl kl. 19.00. Á tónleikunum 6. apríl munu eingöngu söngnemendur koma fram. Allir tónleikarnir verða haldnir í húsnæði skólans, Hamraborg 11. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

Höggmyndasýning á Kjarvalsstöðum

HELGI Gíslason opnar höggmyndasýningu í vestursal Kjarvalsstaða laugardaginn 4. apríl kl. 16.00. Á sýningunni eru 17 höggmyndir unnar á tveimur síðastliðnum árum.

Verkin á sýningunni eru flest steypt í brons, sum þeirra hafa einnig að geyma gler og tin. Helgi hefur gert ýmis útiverk á síðustu árum, má þar nefna verk í Fossvogskirkju, Hallargarðinum, Stykkishólmi og á Höfn í Hornafirði.

Helgi hlaut bjartsýnisverðlaun Bröstes 1991. Sýningin er opin daglega til 20. apríl frá kl. 10–18.

Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
RUTLAND
ÞÉTTIEFNI
Á ÞÖK – VEGGI – GÓLF
ÁRMÚLA 29, SÍMI 38640